

STJÓRNARTÍÐINDI B 34 – 2001

27. mars 2001

613

Nr. 269

REGLUGERÐ

**um afnám reglugerðar nr. 168, 5. mars 2001,
um bann við veiðum með fiskibotnvörpu vestur af Stafnesi.**

1. gr.

Með reglugerð þessari er felld úr gildi reglugerð nr. 168, 5. mars 2001, um bann við veiðum með fiskibotnvörpu vestur af Stafnesi.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til að öðlast gildi 29. mars 2001.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 27. mars 2001.

F. h. r.

Jón B. Jónasson.

Þórður Eypórsson.

27. mars 2001

Nr. 270

REGLUGERÐ

um veiðar úr úthafskarfastofnum 2001.

1. gr.

Reglugerð þessi tekur til flotvörpuveiða íslenskra skipa úr úthafskarfastofnum á samningssvæði Norðaustur-Atlantshafsfiskveiðinefndarinnar (NEAFC), utan þeirra svæða sem falla undir fiskveiðilögsögu samningsaðila og innan fiskveiðilandhelgi Grænlands, í samræmi við samning þjóðanna þess efnis. Ennfremur til úthafskarfaveiða fiskiskipa, sem leyfi hafa til veiða í fiskveiðilandhelgi Íslands, er þau stunda veiðar á úthafskarfa með flotvörpu utan línu, sem dregin er milli eftirgreindra punkta:

1. 65°20' N - 29°45' V (við miðlínu milli Íslands og Grænlands).
2. 63°00' N - 26°00' V
3. 62°00' N - 27°00' V

og vestan línu, sem dregin er 180° réttvísandi úr punkti 3 að mörkum fiskveiðilandhelgi Íslands.

Ráðherra er heimilt að breyta umræddu veiðisvæði sé talin ástæða til vegna samsetningar afla.